



LISTNÁM TIL STÚDENTSPRÓFS

- ÞRIGGJA ÁRA LISTNÁM TIL STÚDENTSPRÓFS
- UNDIRSTAÐA Í GRAFÍSKRI HÖNNUN, KVIKMYNDAGERÐ OG LEIKLIST
- SÉRHFÆING Í EINNI GREIN SÍÐARI HLUTA NÁMSINS
- KJARNAGREINAR BÓKNÁMS, ÍPRÓTTIR OG FRJÁLST VAL
- GÓÐ FRÆÐILEG UNDIRSTAÐA OG TÆKNILEG ÞJÁLFUN
- ÁHERSLA Á SJÁLFSTÆÐA OG SKAPANDI VERKEFNAVINNU
- GÓÐ AÐSTAÐA, GÓÐUR TÆKJABÚNAÐUR
- KENNARAR MEÐ SÉRHEFT NÁM OG STARFSREYNSLU AÐ BAKI
- GÓÐUR UNDIRBÚNINGUR UNDIR FREKARA NÁM Í GRAFÍSKRI HÖNNUN, KVIKMYNDAGERÐ, LEIKLIST EÐA SKYLDUM GREINUM
- OPNAR DYR AÐ SPENNANDI MÖGULEIKUM AÐ NÁMI LOKNU
- LIFANDI, SKEMMTILEGT OG SKAPANDI NÁM

GRAFÍSK HÖNNUN

Þjálfun í hugmynda- og skissuvinnu og nauðsynlegri tækni til að útfæra hugmyndir og fullvinna verk fyrir prent- og skjámiðla. Áhersla á þekkingu og færni í ljósmyndun, myndvinnslu, umbroti, vefsíðuhönnun, auglýsingahönnun, mörkun og leturfræði. Fræðilegir áfangar gefa yfirlit yfir sögu, inntak og lykilhugtök grafískrar hönnunar.

KVIKMYNDAGERÐ

Þjálfun í hugmynda- og handritsgerð, upptökum, klippingu og eftirvinnslu kvikmynda. Heimildamyndagerð, útsendingar úr stúdíói og kvikmyndun á vettvangi. Fræðilegir áfangar gefa yfirlit um strauma og stefnur í kvikmyndagerð, inntak kvikmyndagerðar og lykilhugtök. Í lokin fullvinna nemendur eigin kvikmynd til sýningar.

LEIKLIST

Þjálfun í raddbeitingu og sviðshreyfingum ásamt leiktækni á sviði og fyrir kvikmyndir. Áhersla á þekkingu og færni í fjölbreyttum þáttum sviðsetningar, leikgerðar, lýsingar, sviðsmuna, búningahönnunar, leikmyndagerðar og hljóðvinnslu. Fræðilegir áfangar gefa yfirlit yfir faglegan og sögulegan grunn til sköpunar og rannsókna við uppsetningu sviðsverka.